008512

MÓTTEKIÐ 18. SEP. 2018 Fjallabyggð







## Ofanmynd þaks | Mkv. 1:50




**Skýringar**

Öll mál eru í mm og eftirfarandi gildir, nema annað sé tekið fram á sniðum og myndum.

Viðbyggingar og bílskúr eru gerð úr timburgrind sem stendur saman af þaksperrum og stoðum í veggjum.

ÞAKKLÆÐNING
Ofan á sperrur skal leggja 1"x6" borðaklæðningu sem negld er niður í sperrur með 3x3" heithúðuðum saum. Borðaklæðning skal lögð þvert á sperrustefnu. Einnig má nota skrúfur í samráði við burðarvirkishönnuð.

FESTINGAR
Veggreimar skulu boltaðar með 2xM8 c/c 300mm, galvanhúðuðum múrboltum. Sperruskór skulu almennt negldir í veggreimar með 4,0/40 galvanhúðuðum kambsaum, 2x10 stk., nema annað sé tekið fram. Almennt skal festa sperrur sem ganga í aðrar sperrur/veggreimar með sperruskó og sperrur/lektur sem tengjast öðrum eins, með löskum.

EFNISGÆÐI
Allt timbur í sperrum skal vera af gerðinni T2-C24 (áður K24).

Stál er af gerðinni S235. Allt stál utanhúss skal vera galvanhúðað (heithúðað). Eftir heithúðun eru breytingar óheimilar.

Allt sperruefni er í 45mm þykkt. Samskeyti skulu löskuð með 2x20x225x800mm krossviðarlöskum sem skulu negldir eða skrúfaðir utan á sperrur - nema annað sé tekið fram.

LOFTUN
Gert er ráð fyrir útloftun í bili milli einangrunar og þakklæðningar, skv. hefð í húsasmíði á Íslandi. Einnig er gert ráð fyrir rakavarnarlagi innanvert aðliggjandi að einangrun en undir lagnagrind. Götun rakavarnarlags er óheimil eftir það og skal þess gætt að gert sé við allar skemmdir á rakavarnarlagi sem kunna að koma upp í framkvæmdinni.

Að öðru leyti er vísað á deiliteikningar arkitekts. Ef um misræmi er að ræða gilda teikningar arkitekts varðandi alla byggingareðlisfræði.

Allar málsetningar skulu yfirfarðar m.t.t. uppmælingar eldri byggingar og arkitektateikninga, þar með talin endanleg lengdarmál sperra og stoða sem og staðsetningar.

| Breyting: | Dags.: | Breytt af: | Hverju breytt : |
| --- | --- | --- | --- |
| A | 18.08.18 | MRR | Þaksperruhæð aukin í 225mm, texta bætt inn. |

VRR
Verkfræðiráðgjöf Reykjavíkur

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| Verkefni : | Miðbær - Kirkjuvegur 4<br>Ólafsfjörður | Teiknað : | MRR |
| Lýsing : | Burðarvirki - Viðbygging | Hannað : | MRR |
| Kvarði : | 1:50 / 20 | Dags. útg.: | 22.06.2018 |
| | | Nr. teikn.: | B04 |